

Alþingi
Erindi nr. P 135/1766
komudagur 11.3.2008



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. mars 2008

Tillaga til þingsályktunar um aukið öryggi við framkvæmdir hins opinbera, 303. mál

Samtök iðnaðarins þakka fyrir að fá að veita umsögn um tillögu um aukið öryggi við opinberar framkvæmdir.

Um árábil hafa Samtök iðnaðarins hvatt félagsmenn sína á sviði mannvirkjagreina að tileinka sér bætt verklag við stjórnun og rekstur. Nátengd er áhersla á öryggis- og heilbrigðismál. Líkt og flutningsmaður tillögunnar hafa Samtökin fylgst með góðum árangri á starfssvæði Fjarðaáls á Reyðarfirði. Þar gengur verkkaupinn Alcoa fram fyrir skjöldu og setur mjög afgerandi kröfur á þessu sviði og fylgir þeim eftir af einurð og festu.

Í greinargerð með tillögunni segir réttilega að sem stærsti kaupandi á markaði getur hið opinbera haft mikil og góð áhrif með auknum kröfum til verktaka og birgja á sviði öryggismála og heilsuverndar.

Samtökin styðja umræðu sem leiðir til vakningar á þessu sviði.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Árni Jóhannsson